

# Hugur

# Hjarta

# Hönd

Sýn Tröllaborga er að vinna með og samþætta „hug, hjarta og hönd“, í allri starfsemi skólans. Það er, að jafnvægi verði á milli þekkingar, tilfinninga og framkvæmdar í öllu starfi.

Sýn leikskólans byggir á þeirri trú að með því að efla og styrkja hið góða í hverjum einstaklingi skapist góður grunnur fyrir leik og nám barna. Hvert barn byggir síðan þar ofan á, út frá eigin forsendum og getu. Til að ná þessu fram er stefnumótun leikskólans unnin eftir hugmyndafræði lífsleikninnar.

Áhersla er lögð á að vinna með virðingu, sjálfsstjórn og ábyrgðarkennd einstaklinga gagnvart sjálfum sér og öðrum svo þeir finni til samkenndar og sýni tillitssemi.

## Læsi

Læsi í víðum skilningi er samþætt öllu starfi í Tröllaborgum. Í gegnum lífsleiknina læra börnin tilfinningalæsi sem stuðlar að góðri sjálfsmynd og sjálfsöryggi. Í dygdavinnu læra börnin jákvæð samskipti sín á milli, auka orðaforða sinn og dýpka málskilning.

Lögð er áhersla á að umhverfi barnanna ýti undir læsi m.a. með myndrænu dagskipulagi og merkingum sem eru þá sett upp í lesátt. Í daglegu starfi er unnið með þulur, rím, sögur, leiki og stafi.

Í Tröllaborgum er unnið með TRAS, skráningu á málproska barna og Hljóm-2, athugun á hljóð og málvitund barna.

## Lífsleikni

Hugmyndafræði lífsleikninnar byggir á kenningum sem snúa að mannrækt, siðferðilegu gildismati og þeirri trú að efla og styrkja hið góða í hverjum einstaklingi, bæði börnum og fullorðnum.

Unnið er með tólf dygdir sem námsleiðir til að kenna siðferði s.s. ábyrgð, samkennd, virðingu og þolinmæði. Dygdirnar stuðla að sjálfsstjórn í gegnum leik og nám þannig að börnin skilji þær og noti í daglegu starfi.

Í Tröllaborgum er lífsleiknin rauður þráður í gegnum allt skólustarfið og þegar börnin ná tókum á henni skílar hún sér inn á heimilin og út í samfélagið.

## Jóga

Jóga skapar börnum tækifæri til að ná betri slökun og ró í leik og námi sem er mikilvægt í því hraða samfélagi sem við lifum í.

Jóga með börnum fellur því afar vel að lífsleiknistarfinu þar sem unnið er með umhyggju, vellíðan, ró, samkennd og hlýju.

Í Tröllaborgum er jóga námsleið til að ná fram markmiðum í lífsleikni.